

**126. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
16. september 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Kristinn Hallur Steinsson aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Stefán Þór Steindórsson, byggingarfulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**5. 1907083 - Landakaup - Vogar / Kalmansvík 2, Skútaspílda, Bakkabær og Elínarhöfði**

Landeigandi hefur óskað eftir leiðréttingu á lóðarstærð og telur að mistök hafi verið gerð árið 2007 við afmörkun lóðar við hliðina (Vogar/Kalmansvík nr. 1) með þeim afleiðingum að lóðin Vogar/Kalmansvík 2 hafi þá verið skráð minni en hún á að vera.

Í þjóðskrá hefur ekki verið gengið frá eigendaskiptum frá þinglýstum eigendum þeim Snorra Hanssyni og J. Ingimar Hanssyni og yfir á núverandi eiganda sem er Þórður Þ. Þórðarson. Eldra erindi sama efnis var frá Snorra og J. Ingimar og Þórður hefur, í samræmi við eignarhald sitt, óskað eftir að málid sé klárað. Minnisblað frá Ívari Pálssyni hrl. er væntanlegt um helgina ásamt frekari fylgigögnum. Gögn verða sett í gáttina um leið og þau berast.

Bent skal á að Akraneskaupstað var boðin lóðin til sölu og þær upplýsingar verið færðar fram við vinnslu málsins að svo sé enn mögulegt á sama verði og núverandi eigandi keypti landið á og óháð mögulegri leiðréttingu stærðar.

*Lögð fram drög að minnisblað frá Ívari Pálssyni hrl.*

**1. 1901203 - Aðalskipulag Skógarhverfi - breyting**

Tekin var fyrir tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 þar sem gert er ráð fyrir stækkan skólalóðar Skógarhverfis, stofnanasvæðis S 16, til norðurs á kostnað íbúðarsvæðis Íb 13B. Tillagan er sett fram á breytingablaði dags. 13.9.2019. Kynningarfundur um tillöguna var haldinn 14. júní 2019 og 26.ágúst 2019.

Þar sem breytingin á ekki við meginatriði aðalskipulagsins, hefur hvorki áhrif á nágranna eða aðra lóðarhafa né á umhverfið umfram óbreytt skipulag telst hún óveruleg með vísan í ákvæði 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði samþykkt og send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Afgreiðsla bæjarstjórnar skal auglýst.

**2. 1908199 - Deiliskipulag Skógarhverfi áfangi 3B**

Tekin fyrir tillaga Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. dags. 13.9.2019 að deiliskipulagi skólalóðar Skógahverfis, svæði S 16 í Aðalskipulagi Akraness 2005-2017, deiliskipulagsáfanga 3B. Tillagan er sett fram í greinargerð og á breytingablaði dags. 13.9.2019. Kynningarfundur um tillöguna var haldinn 14. júní 2019 og 26.ágúst 2019. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### **3. 1906112 - Deiliskipulag Skógarhverfi 2. áf. - breyting á skipulagsmörkum.**

Tekin var fyrir tillaga að breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Skógahverfis, sem samþykkt var 17. apríl 2007.

Á breytingablaði 03 dags. 13.9.2019 er gert ráð fyrir að norðurhluti deiliskipulags 2. áfanga Skógahverfis verði felldur úr gildi. Mörk niðurfellingar eru norðan Akralundar 41, Fjólulundar 9-13 og Álfalundar 26. Unnið er að endurskoðun á deiliskipulagi svæðisins með breyttum skipulagsmörkum (áfangi 3A).

Kynningarfundur um tillögurnar var haldinn 14. júní 2019 og 26. ágúst 2019.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### **4. 1905357 - Deiliskipulag Skógarhverfi 4.áf.**

Tekin fyrir tillaga Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. dags.

13.9.2019 að 4. áfanga Skógahverfis milli Asparskóga og Þjóðbrautar, skipulagsuppráttur og greinargerð, þar sem gert er ráð fyrir fjölbýlishúsabyggð með 89-126 íbúðum. Kynningarfundur um tillöguna var haldinn 14. júní 2019 og 26.ágúst 2019.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að tillagan verði auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:00.

Ragnar Sæmundsson  
Kristinn H. Sveinsson  
Ólafur Ólafsson  
Sigríður H.  
Anna Ólafsdóttir  
Steinar Þór Skarð  
Þorsteinn Þorsteinsson